

Meðalfell í Kjós

Þegar ekið er eftir Vesturlandsveginum inn með Hvalfirði að sunnanverðu liggur leiðin um Kjósina. Kjósinn er breiður dalur á milli Esjunnar að sunnan en Reynivallaháls að norðan. Laxá rennur eftir dalnum og út í Laxárvog.

Í miðjum dalnum vestantil stendur stakt fjall, sem heitir Meðalfell. Í dag skulum við ganga á það.

Skammt fyrir vestan brúna á Laxá öikum við af Vesturlandsveginum og höldum áleiðin að fellinu. Þegar við erum komin upp á hæðirnar skammt fyrir austan vegamótin blasir Meðalfellsvatnið við og byggðin í kring um það. Við vesturenda fellsins skiljum við bílinn eftir og göngum upp brekkurnar þar fyrir ofan. Vestasti hluti þess heitir Harðhaus og þangað stefnum við. Brekkan er allbrött, en hún er nokkuð gróin svo gangan sækist greitt. Innan stundar erum við komin upp. Þá er gott að kasta mæðinni litla stund og litast um.

Af Harðhausunum er ekki víðsýnt nema til vesturs, þar sjáum við út fyrir Hvalfjörðinn, austurhluta Akrafjalls og sléttlendið þar norður af. Eyrarfjallið, Reynivallahálsinn og Esjan rísa hærra en Meðalfellið og taka um leið fyrir allt útsýni til annarra átta. En það kemur ekki að sök. Landið næst okkur er svo áhugavert að það nægir okkur í dag.

Eftir góða hvíld höldum við göngunni áfram. Við förum réttisælis eftir brúnum fellsins, því það er svo flatt að ofan. Þéttbýlt er í Kjósinni, enda er þar gott undir bú. Að norðan við fellið rennur Laxá, ein gjöfulasta laxveiðiá landsins. Hún á upptök sín í Stíflisdalsvatni, en það blasir við til vinstri af Mosfellsheiðinni, þegar ekið er til Þingvalla frá Mosfellsdal. Venjulega er Laxá auðveld yfirferðar. Á henni eru góð vöð, svo oftast er hún líttill farartálmi. En í stórrigningum og leysingum getur komið í hana ofsavöxtur. Þá flæðir hún yfir bakka sína og eirir engu. Árið 1556 fórst Oddur Gottskálksson í henni. Oddur var sonur Gottskálks hins grimma Hólabiskups, sem var nafnkenndur á sinni tíð. En frægð Odds er þó einkum bundin við það að hann þýddi Nýja testamentið á íslensku fyrstur manna. Í umrætt skipti var Oddur á leið til Alþingis. Sagan segir að hestur Odds hafi hnotið í ánni, og féll Oddur af baki. Hann komst lifandi upp á eyri í ánni, en þegar hann ætlaði að standa upp þvældist kápan fyrir fótum hans, svo hann datt aftur í strauminn og varð það hans bani.

Okkur hefur nú borið austur eftir fellinu. Þaðan sjást ýmsir þekktir staðir, s.s. Möðruvellir og Írafell, en þeir bæir koma mjög við sögu Írafellsmóra, sem er einn þekktasti draugur landsins.

Sunnan við Meðalfellið er Meðalfellsvatn. Hinn mikli fjöldi sumarhúsa umhverfis vatnið vekur athygli okkar. Það hlýtur að vera skemmtilegt að dvelja þar á sumrin við silungsveiði og skautuferðir á veturna, því vatnið gefur kost á hvorttveggja.

Við göngum til baka eftir suðurbrúnum fellsins og þræðum klettabrúnirnar fyrir ofan vatnið. Þaðan blasa við sjónum allir dalirnir sem skerast inn í Esjuna norðanverða, Eyjadalur, Flekkudalur og Eilífsdalur, hver öðrum áhugaverðari til gönguferða.

En þótt þessi gönguferð gefi góða yfirsýn yfir Kjósina, þessa vinalegu sveit, “bak við Esjuna” veitist kjörið tækifæri til að virða fyrir okkur kafla úr mótunarsögu landsins.

Þetta landslag varð til á jökultímanum. Þá gengu miklir skriðjöklar innan frá hálendi til sjávar. Þeir surfu og skófu bergið. Fátt stóðst fyrir þessum heljarkrafti. Þá skreið feiknamikill jökull fram þar sem nú er Hvalfjörður. Annar kom austan að og skildi eftir þann dal sem við höfum verið að skoða í þessari ferð. Meðalfellið veitti

Það mikla mótstöðu að hann vann ekki á því. Svo komu minni skriðjöklar að sunnan frá hábrún Esjunnar. Þeirra verk eru litlu dalirnir þrír, sem fyrr eru nefndir. Þessi saga er merkileg og heillandi viðfangs.

Tíminn líður. Við fetum okkur niður brekkurnar neðan undir Harðhausnum og að bílnum sem enn stendur við brekkufótinn.

(Mbl. 28. ágúst 1980)